

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar
Bt. Lindu Udengård

Í bréfi dagsettu 16. janúar 2021 var óskað eftir umsögn skólaráðs Varmárskóla um tillögur frá HLH ráðgjöf um stjórnskipun Varmárskóla.

Inngangur

Skólaráði Varmárskóla voru á skólaráðsfundi dags.10.01.2021. Kynntar niðurstöður HLH ráðgjafar um að skipta skólanum í tvo sjálfstæða skóla. Áður höfðu niðurstöðurnar verið kynntar skólastjórum á sér fundi, öðrum stjórnendum skólans á öðrum fundi og síðan starfsfólki skólans á þeim þriðja. Eftir að tillögurnar höfðu verið kynntar öllu starfsfólki voru þær kynntar í skólaráði. Í beinu framhaldi þann sama dag voru tillögurnar kynntar í beinni útsendingu fyrir foreldra og annað áhugafólk. Streymið var aðgengilegt á netinu fram að miðnætti á sunnudag.

Umsögn skólaráðs

Fulltrúar í skólaráði ræddu þetta innan sinna raða og buðu sínum hópum upp á frekara samtal um tillöguna að undanskildum fulltrúum foreldra þar sem þeir náðu ekki vegna tímaskorts að kynna tillöguna innan sinna raða og fá viðbrögð. Aðstæður fulltrúa foreldra eru ólíkar öðrum fulltrúum sem hafa betra aðgengi að sínum hópum. Skólafólkið í eldri deild er jákvætt fyrir skiptingunni, í yngri deild má merkja bæði með og á móti. Fulltrúi grenndarsamfélagsins telur sóknarfæri í að skipta upp í tvo skóla, fulltrúar nemenda telja skiptingin vera betri en að halda áfram sem einn skóli.

Ábendingar skólaráðs til fræðslufirvalda í Mosfellsbæ:

Aðilar í skólaráði eru sammála um að skoða þyrfti tillöguna út frá sjónarmiði kennslufræðinnar. Gæta þarf vel að samstarfi hvort sem þetta er einn eða tveir skólar.

Mötuneytið er áhyggjupáttur.

Fulltrúi kennara í yngri deild bendir á að betra væri að allt miðstigið tilheyri sama skólanum.

Fulltrúar foreldra vilja benda á að ástæða úttektarinnar sé ekki nægilega skýr og að það sé ekki ljóst hvað gæti tapast eða áunnist í faglegu starfi með því að fara eftir tillögunni.

Skólaráð Varmárskóla

Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri Varmárskóla
Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri Varmárskóla
Ásta Benediktsdóttir, fulltrúi kennara úr eldri deild
Örvar Birkir Eiríksson, fulltrúi kennara úr yngri deild
Ágústa Ragnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Jón Ragnars, fulltrúi foreldra
Málfriður Eva Jörgensen, fulltrúi foreldra
Guðrún Helgadóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Ásta Kristbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda
Þórir Hlynsson, fulltrúi nemenda